**Nd.** 258. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um frv. Meiri hlutinn (MT, GunnS og HV) telur frv. sjálfsagða réttarbót fyrir þá menn, sem eru utan viðurkenndra trúarfélaga, enda í fullu samræmi við 60. gr. stjórnarskrárinnar, 1. og 2. málsgrein, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn mun senda frá sér sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 7. marz 1930.

Gunnar Sigurðsson, form. | Héðinn Valdimarsson, frsm. og fundaskr. | Magnús Torfason.